



# Sérstakar reglur um umferð og dvöl

**Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í fólkvangnum Hrótey í Blöndu sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:**

1. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds.
2. Óheimilt er að hafa næturdvöl innan marka fólkvangsins.
3. Gestir skulu fylgja stígum og virða merkingar og lokanir sem kunna að verða settar upp tímabundið vegna lífríkisverndar.
4. Ekki er heimilt að vera með opinn eld í eygni, þar með talið er notkun ferðagrilla óheimil.